



290. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí fór fram í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 3. júní 2020 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominqua Alma Belányi, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Forföll: Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson og Þórey Edda Elísdóttir.

Í upphafi fundar minntist forseti ÍSí þeirra Alfreðs Þorsteinssonar Heiðursfélaga ÍSí og Hallgríms Þorsteinssonar endurskoðanda ÍSí, sem báðir létust nýverið.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegar upplýsingar

Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi ÍSí kom inn á fundinn, ásamt Steinunni Önnu Í. Tómasdóttur gjaldkera.

Tryggvi fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreiknings ÍSí og sjóða ÍSí. Fjárhagsáætlanir stóðust mjög vel og afkoma sambandsins varð öllu betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þó er ljóst að afleiðingar COVID-19 farsóttarinnar eiga að einhverju leyti eftir að koma fram.

Tryggvi fór í gegnum endurskoðunarskýrslu 2019. Hann lýsti yfir ánægju sinni með gott samstarf við stjórn og starfsfólk við endurskoðunina. Einungis smávægilegar athugasemdir komu fram í endurskoðunarskýrslu fyrir síðasta ár.

Gunnar Bragason gjaldkeri stjórnar lagði fram ársreikning ÍSí 2019 til samþykktar. Ársreikningur ÍSí fyrir árið 2019 samþykktur samhljóða.

2. Ólympísk málefni

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir stöðu mála, í fjarveru Þóreyjar Eddu. Enn er mikil óvissa um ólympísk verkefni. Undirbúningur Vetrarólympíuhátíðar Evrópuæskunnar í Vuokatti 2021 er í fullum gangi og fyrirhugað að hátíðin fari fram.

Undirbúningur fyrir Ólympíuleikana í Tókýó heldur áfram sem og undirbúningur fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking 2022.

Engir Smáþjóðaleikar verða á næsta ári. Fundur var haldinn í tækninefnd smáþjóða í síðustu viku.

3. Fagsvið ÍSí

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir úr fagraði Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins í fjarveru Viðars Garðarssonar formanns.

Verið að undirbúa kynningu á Ánægjuvöginni, í samstarfi við UMFÍ. Kynning á íþróttavísunum verður á haustmánuðum.

Fyrirhugað er að ráðstefna um rafleiki verði haldin í haust. Undirbúningur vegna Ólympíudagsins er í fullum gangi.

Práinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins.

Hvatningarátakinu Hjólað í vinnuna er lokið og afhending viðurkenninga fór fram á föstudaginn sl., í góðri stemningu. Ríflega 6.600 manns tóku þátt, sem er aukning frá því í fyrra. 507 vinnustaðir tóku þátt með samtals 1.116 lið. Reglur voru aðlagðar að aðstæðum vegna COVID-19 og var m.a. hægt að taka hjólatúr út frá heimilinu sem vinnustað og hjóluðu þátttakendur þá sömu vegalengd og ef þau hefðu hjólað til síns vinnustaðar og aftur heim. Góð umfjöllun var um átakið í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og fékk átakið jákvæðar viðtökur í samfélaginu, ekki síst hjá yfirvöldum.

Auglýsingaherferð Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ er hafin. Framkvæmdaaðilar virðast spenntir fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á hlaupinu. Tix.is verður eini sölustaðurinn fyrir bolina. Nokkrar tafir hafa orðið á afhendingu á bolunum af hálfu framleiðanda, sem rekja má til afleiðinga COVID-19. Útfærsla á hlaupinu á stærstu hlaupastöðunum, vegna fjöldatakmörkanna sem í gildi eru, er í vinnslu. Undirbúningur fyrir Íþróttaviku Evrópu er hafinn.

4. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri ÍSÍ fór yfir stöðuna varðandi afléttingar á takmörkunum vegna samkomubanns. Næsta aflétting verður 15. júní og þá fara fjöldatakmörkanir úr 200 í 500. Framkvæmdastjóri starfar náið með fulltrúa sóttvarnalæknis við undirbúning og gerð leiðbeininga fyrir íþróttamannvirki og sundlaugar sem fyrirhugað er að birta á mánudag nk. og verða svo uppfærðar með reglubundnum hætti.

ÍSÍ upplýsir íþróttahreyfinguna um allar uppfærslur á reglum sem gilda varðandi COVID-19 og lúta að íþróttahreyfingunni. Allar upplýsingar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu ÍSÍ. Þar er að finna sérstakan upplýsingahnapp um COVID-19 málefni og samskipti ÍSÍ við íþróttahreyfinguna þar að lútandi.

Búið er að úthluta tæplega 300 milljónum króna til íþrótt- og ungmennafélaga, skv. reiknireglu að tillögu vinnuhóps um skiptingu á framlagi ríkisins til íþróttahreyfingarinnar vegna COVID-19. Almenn ánægja er með úthlutunina.

Auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki vegna tjóns/tekjufalls vegna COVID-19. Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.

Forseti skýrði frá viðræðum sem hann hefur átt við mennta- og menningarmálaráðherra og félagsmálaráðherra um frekari stuðning við íþróttahreyfinguna vegna áhrifa COVID-19 á rekstur eininga innan vébanda ÍSÍ.

5. Smáþjóðaleikar 2021

Búið að aflýsa Smáþjóðaleikunum sem fyrirhugaðir voru í Andorra árið 2021. Næstu leikar eru áætlaðir á Möltu 2023 og að Andorra haldi leikana árið 2025.

Aðalfundur GSSE var haldinn í gegnum fjarfundabúnað í lok maí. Keppnisgreinarnar sem fyrirhugaðar eru á leikunum á Möltu voru kynntar á fundinum.

Framhaldsaðalfundur er fyrirhugaður í október í Andorra.

6. Tilskipun á lög EOC

Lagt fram erindi frá EOC þar sem óskað er eftir staðfestingu tilskipun á lög EOC sem heimila ársþing samtakanna í gegnum fjarfundabúnað. Óskað er staðfestingar frá ÍSÍ um samþykki.

Samþykkt samhljóða að staðfesta tilskipunina.

7. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 289. fundur framkvæmdastjórnar
- 9. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 28. maí 2020
- Afrekssjóðs ÍSÍ frá 29. maí 2020 – **Niðurfellingar styrkja til fjögurra sérsambanda, skv. fundargerð, að upphæð samtals kr. 1.594.192,- samþykktar samhljóða.**
Úthlutun til ÍHÍ vegna þátttöku A-liðs kvenna í forkeppni Vetrarólympíuleika, að upphæð 1,5 milljón króna var samþykkt með fyrirvara um að það verði af mótinu.
Tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um viðbótarumsókn um styrk vegna verkefna síðar á árinu, sem koma til vegna þeirra verkefna sem fallið hafa niður eða verið frestað á árinu 2020, samþykkt. Sjá nánar í fundargerð.
- Laganefnd ÍSÍ frá 2. júní 2020 – **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála, skv. fundargerð, samþykktar.**

9. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar verður miðvikudaginn 24. júní nk. á hefðbundnum tíma.

11. Önnur mál

Andlát forseta EOC

Forseti greindi frá andláti Janez Kocijancic, forseta EOC, en hann lést eftir skamma baráttu við krabbamein. Niels Nygaard, varaforseti EOC, mun taka við sem starfandi forseti fram að næsta ársþingi EOC.

Endurskoðun á skipulagi

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Kristinn Tryggvi Gunnarsson ráðgjafi hafi hafið vinnu við endurskoðun á skipulagi ÍSÍ. Hann hefur tekið viðtal við alla embættismenn stjórnar og framkvæmdastjóra. Fyrirhugaðir eru fundir með starfsfólki ÍSÍ.

Stöðuskýrsla verður lögð fyrir á næsta fundi stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari.